


Skilátími í Hlaupastelpu

Kæru lesendur og auglýsendur

Nú er Hlaupastelpan gefin út *á fimmtudögum*
og því rennur skilafrestur auglýsinga út á þriðjudögum

kl. 15:00. 😊

ATH! Verð á auglýsingum
Verð hálf síðu er kr.2900.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk



Sumaraftan

Eigum saman kvöldstund í kirkju þar sem flutt verður í tali og tónum dagskrá sem haldin er uppi af tónlist eftir þingeysku tónskáldin: Áskel Jónsson, Pál H Jónsson, Friðrik Jónsson og Björgu Björnsdóttur. Sr. Bolli P. Bollason flytur hugleiðingar á milli tónlistaratriða, þar sem sótt er í efni um: Trú von og kærleik.

Um tónlistarflutning sjá: Dagný Pétursdóttir, Kristín María Hreinsdóttir, Hrund Hlöðversdóttir, Margrét Snorradóttir ásamt Daniel Þorsteinsyni á orgel/piano.

Ljósavatnskirkja 30. júní kl. 20:30

Þorgeirskirkja 31. ágúst kl. 20:30

Aðgangur ókeypis, en tekið við frjálsum framlögum við inngang til styrktar viðhaldi og endurbótum á Ljósavatnskirkju og í Tónlistarsjóð Þorgeirskirkju. Í ár á Ljósavatnskirkja 120 ára vígsluafmæli og verður þess minnst í kvöldstundinni 30. júní.

<http://sumaraftan.tumblr.com/>



Viðburðurinn er styrktur
af Þingeyjarsveit



Reiðnámskeið í Torfunesi 1.-4. júlí

**Leikjanámskeið fyrir 8 ára og eldri
Milli kl. 13.00-17.00**

Skípt verður í hópa eftir getu
Þeir sem geta endilega koma með eigin
hross en einnig verður hægt að fá hross að
láni

Verð 15.000 kr.

Kennarar: Ninni Kullberg og
Karen Hrönn Vatnsdal

Skráning í síma 863-9222 (Baldvin) eða á
torfunesi@gmail.com

Einnig verða fleiri námskeið í boði síðar í sumar

Nánari upplýsingar er hægt að finna á
www.torfunesi.123.is



Refa- og minkaveiði í Þingeyjarsveit

Gengið hefur verið frá ráðningarsamningum við refa- og minkaveiðimenn í Þingeyjarsveit. Samkvæmt samningi sér veiðimaður um fyrirfram skilgreind svæði í sveitarfélaginu. Aðeins þeir sem hafa undirritaðan samning við sveitarfélagið fá skotlaun og laun fyrir veiðar. Þó greiðir sveitarfélagið alltaf fyrir hvern unnin mink 3.000 kr. samkv. viðmiðunartaxta Umhverfisstofnunar. Íbúar eru hvattir til að láta vita af umræddum „vargi“ ef þeir verða varir við ferðir hans með því að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins eða við tiltekinn veiðimann. Upplýsingar um veiðimenn, hver sér um hvaða svæði má finna á heimasíðu sveitarfélagsins undir „starfsemi“.

Sveitarstjóri

Kiðagili

KAFFIHLAÐBORÐ Í KIÐAGILI

Fyrsta kaffihlaðborð sumarsins
sunnudaginn 30. júní kl. 14:00-17:00.

Myndlistarsýning Sigurborgar
Gunnlaugsdóttur, Engilhlíð
stendur yfir.

Verið hjartanlega velkomin

Goðafossmarkaður EHF

Handverkskonur milli heiða.

Vörumóttaka

Mánudag 1. júlí kl. 18-22 .

Áætlum næstu vörumóttöku 15. júlí nk.

Hópstýrur ath!! Látið þær konur vita sem fá ekki
Hlaupastelpuna.
G.V. nefndin.

Kæru eldri borgarar og öryrkjar



Vegna mikilla anna hjá
vinnuskólanum sjáum við okkur ekki
fært um að bjóða ykkur upp á fleiri en
tvö skipti við garðslátt í sumar, vonum
að þetta komi sér ekki illa fyrir ykkur.

Nánari upplýsingar veitir Berglindi Gunnarsdóttur
í síma 899-9262.

Afmæli Skógræktarfélags S. - Þingeyinga haldið í Fossselsskógi, 29. júní.



*Skógræktarfélag Suður Þingeyinga heldur upp á 70 ára afmæli
sitt laugardaginn 29. júní, kl. 14 .00 með veglegri afmælishátíð í
Fossselsskógi.*

Indriði Ketilsson, Ytra Fjalli, rifjar upp sögu félagsins, Sigurður
Skúlason ávarpar samkomuna, boðið verður upp á göngu um
skóginn og farið verður í leiki með börnunum.

Í lokin er boðið upp á ketilkaffi og afmælistertu við
Kvennabrekku.

*Fossselsskógur er sunnan við bæinn Vað, austan megin við
Skjálfandafljót, á leið frá Kinn yfir í Aðaldal. Sameinast í bíla
við Vað. Bílum lagt syðst í skóginum við Kvennabrekku.*

*Verið hjartanlega velkomin
Stjórnin*



Friðarhlaup 2013 kemur í Laugar



Laugardaginn 29. maí, mun friðarhlaupið koma í Laugar. Hlauparar ætla
að verða komnir á íþróttavöllinn á Laugum kl. 12:00 og vonast eftir að
þar hitti þá börn og aðrir úr sveitarfélaginu og hlaupi með þeim hring á
vellinum og svo upp að sundlaug. Við sundlaugina verður plantað friðartré
og friðarkyndillinn látinn ganga milli viðstaddra. Reiknað er með að
dagskrá verði lokið um kl. 13:00.

Hlaupararnir leggja af stað ofan úr Reykjahlíð kl. 9. Þeir sem vilja hlaupa
síðasta spölinn í Laugar með hlaupurum geta hitt þá við Lyngbrekku kl.
11:30.

Hvetjum alla til að mæta og eiga saman góða stund í nafni friðar.

Þingeyjarsveit og UMF Efling



Sumartónleikar við Mývatn 2013

Heildardagskrá, 27. starfsár.

1. helgi:

6. júlí laugardagur - Reykjahlíðarkirkja kl. 21.00
Kjartan Óskarsson, bassaklarinett, Hrefna Eggertsdóttir, píanó,
Margrét Bóasdóttir, söngur.

2. helgi:

13. júlí laugardagur - Reykjahlíðarkirkja kl. 21.00
Amy Cardigan fiðla, Einar Jóhannesson, klarinett, Michael
Higgins píanó

3. helgi:

20. júlí laugardagur - Reykjahlíðarkirkja og 21. júlí, sunnudagur
- Skútustaðakirkja, kl. 21.00
Helena Guðlaug Bjarnadóttir, sópran, Una Björg Hjartadóttir,
flauta,
Sigrún Magna Þórsteinsdóttir, orgel

4. helgi:

27. júlí laugardagur - Reykjahlíðarkirkja og 28. júlí sunnudagur -
Skútustaðakirkja, kl. 21.00
Ögmundur Jóhannesson, gítar

5. helgi:

3. ágúst laugardagur - Reykjahlíðarkirkja og 4. ágúst sunnudagur
- Skútustaðakirkja, kl. 21.00
4. ágúst: Kirkjan í Dimmuborgum, helgistund kl. 14.00
FUNI - Bára Grímsdóttir söngur og kantele og Chris Foster
söngur, langspil og gítar.

Verið velkomin á tónleika sumarsins. Aðgangur ókeypis.

Listrænn stjórnandi: Margrét Bóasdóttir

25.tbl.
27. júní
2013
20. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Handverksfólk athugið .

Þann 6. júlí

Markaðsdagur á Fosshóli.

Nú leitum við efir aðilum til að taka þátt í þessu með okkur,
við verðum með tjald sunnan við búðina
og með söluborð.

Tískusýning, spákona, spunnið á rokk, flatbrauðsgerð,
Nuddstóll og ýmis varningur til sölu.
Lummur handa öllum

Markaðurinn verður öllum opinn og aðstaðan er
þátttakendum að kostnaðarlausu.

Þátttaka tilkynnist til :

Kristlaugar 4643280

Lottu 4643277

Friðriku 464 3218

fyrir 1. júlí nk.

Allir hjartanlega velkomnir .

Handverkskonur milli heiða